

## Rammi um útfærslu á vinnustaðanám

Hér er fjallað sérstaklega um þann þátt námsins sem ætlunin er að fari fram á vinnustöðum. Ekki er bara um að ræða að neminn fái vinnu hjá fyrirtæki í greininni heldur er ætlunin að sjá til þess að neminn fái fræðslu og þjálfun í tilgreindum færniþáttum með það að markmiðið að neminn verði hæfur til að sinna ákveðnum störfum á vinnustaðnum.

## Undirritað verður samkomulag um vinnustaðanámið

Hér er gengið út frá því að vinnustaðanámið sé jafnt á ábyrgð skóla / menntamiðstöðvar, vinnustaðar og nema. Mikilvægt er þegar skrifað er undir og gengið frá samkomulagi um að ákveðinn nemi stundi vinnustaðanám eða fái það metið að fulltrúar allra skrifi undir og tilgreindar séu skyldur allra. Það eru þá fulltrúi skóla/menntamiðstöðvar, fulltrúi vinnustaðar og neminn sjálfur og ef það á við forráðamaður nema.

## Skóli eða fræðsluaðili. Þörun nema við vinnustað. Gagnabanki um vinnustaði.

Í einhverjum tilfellum koma nemendur þá leið að fara í vinnustaðanám í gegnum skóla. Þeir hafa ekki byrjað að starfa í greininni heldur velja þessa námsleið í skóla. Þá er eðlilegast að skóli/ráðgjafi/kennari vinni með nemanum að því að para neman við vinnustað eftir áhuga og aðstæðum nema og vinnustaðar og þeim tengslum sem skólinn hefur við vinnustaðina. Skólar þurfa helst að koma sér upp einhverskonar gagnabanka um vinnustaðina, bæði í þessum greinum og öðrum sem skólar skipuleggja vinnustaðanám í. Þannig verði hægt að sjá á hverjum tíma hvar skólinn er með nema í vinnustaðanám og hvenær ákveðnir vinnustaðir hafa verið með nema. Þetta er forsenda þess að hægt sé að staðla vinnubrögð við það að para saman nema og vinnustað og að hafasamband við réttu aðilana á hverjum vinnustað. Þetta minnkar líkurnar á því að skortur verði á upplýsingum um vinnustaði þótt skipti verði á kennurum í ákveðnum greinum eða við ákveðnar brautir sem senda nemendur í vinnustaðanám.

## Stutt yfirlit um hlutverk hvers og eins

**Yfirmaður vinnustaðar samþykkir nema** í vinnustaðanám og gengur frá því á vinnustaðnum að viðkomandi fái þann klæðnað og annað sem starfsmenn fá almennt.

**Vinnustaður útnefnir starfsfóstra nemans**, miðað er við að þessi starfsfóstri sé einhver sem vinnur með nemanum og ekki endilega yfirmaður. Starfsfóstrinn veitir nemanum stuðning við að aðlagast vinnustaðnum og er til taks þegar neminn þarf að spyrja, ráðfæra sig og læra vinnubrögð og vinnureglur á staðnum. Ekki er gert ráð fyrir að þessi starfsfóstri sé endilega alltaf að vinna við hlið nemans og sé miklu frekar tengiliður heldur en verkstjóri eða yfirmaður.

Lögð er áhersla á að starfsfóstrar fái fræðslu um hlutverk sitt og vinnubrögð. Hér er vísað í starfsfóstranámskeið sem VMA hefur haldið og kennt er við erlent samstarfsverkefni Workmentor <http://workmentor.vma.is>

**Kennari eða matsmaður úr skóla/menntamiðstöð** mun líka hafa umsjón og fylgjast með og heimsækja neman á vinnustað og hafa yfirumsjón með mati á frammistöðu og því hvort neminn hafi náð tókum á þeim hæfniviðmiðum sem sett eru um vinnustaðanámið. Hér koma til sögunnar matslistar og annað til að votta námið og hæfni nemans. Það mat nær bæði til þeirra almennu þátta sem krafist er svo sem samskiptahæfni og bóklega hæfni en líka til faglegra þátta sem flutningastarfsemi felur í sér. Eðlilegt er að miða við að skóli / menntamiðstöð sjái til þess að nemi fari á námskeið eða fái með öðrum hætti fræðslu um markmið vinnustaðanámsins og til hvers er ætlast af honum.

Neminn þarf að bera að einhverju leyti ábyrgð á náminu, að fylgjast með því hver eru markmiðin og hvort þeim hafi verið náð. Þannig munu nemar þurfa að skila sjálfsmati með einum eða öðrum hætti. Þetta verður með mismunandi hætti eftir því hvort neminn er sendur í vinnustaðanám eða fær vinnutímabil metið inn í námið.

## Mat á vinnustaðanámi

Vinnustaðanámið getur verið skipulagt fyrirfram eða metið eftir á t.d. þegar starfsmaður og vinnustaður vilja nýta starfsreynslu til mats á námi. Tiltækir verða matslistar og annað sem þarf til að sýna fram á og meta hæfni nema. Til eru matslistar vegna raunfærnimats fyrir starfsfólk í vöruhúsum og á lager. Líklegt er að slíkir listar eða ígildi þeirra séu til um fleiri störf í greinunum.

### Áfangar í vinnustaðanámi:

Í viðauka 7 eru lýsingar á áföngum í sérgreinum flutninga. Þar eru tveir áfangar í vinnustaðanámi og vísast í það skjal.